

MINNISBLAÐ

DAGS.

14.01.2025

SENDANDI

EFLA verkfræðistofa.

MÁLEFNI

Umsagnir og viðbrögð við þeim.

DREIFING



Skipulagsfulltrúi Múlapings.

Umsagnir sem bárust vegna auglýstrar tillögu aðalskipulagsbreytingar og viðbrögð við þeim:

Athugasemdir	Viðbrögð við athugasemdum
Vegagerðin austursvæði – dags. 23.12.24	
Gerir ekki athugasemdir.	Parfnast ekki viðbragða.
Veðurstofa Íslands – dags. 03.01.25	
Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við skipulagsbreytingar þessar.	Parfnast ekki viðbragða.
Minjastofnun Íslands – dags. 06.01.25	
Merking fyrir friðlýst hús færð inn á uppdrátt.	Merking á friðlýstu húsi fært inn á uppdrátt fyrir Hafnargötu 11.

Umsagnir sem bárust vegna auglýstrar tillögu deiliskipulagsbreytingar og viðbrögð við þeim:

Athugasemdir	Viðbrögð við athugasemdum
Skipulagsstofnun – dags. 20.11.24	
Stofnunin bendir á að það er ekki lögbundið hlutverk stofnunarinnar að gefa umsögn um tillögur að deiliskipulagi á kynningartíma og telur því ekki tilefni til að gefa umsögn um tillöguna á þessu stigi málsins	Parfnast ekki viðbragða.
ARGOS arkitektar – dags. 27.12.24	
Lagt er til að byggingarreitur verði færður sem nemur 1,65 m til n-austurs frá uppgefnum byggingarreit skv. hnitsettri lóð á lóðarblaði. Ástæðan er annarsvega þrengsli að og nálægð við sjóinn og hins vegar að nægt pláss er austan megin við götu, með útitröppum og 2,0 m breiðri gangstétt. Óskað er eftir að tekið verði tillit til þessa og byggingarreit hagað skv. því.	Byggingarreitur stækkaður til norð austurs.
Á dsk uppdrátt eru sýnd 10 bílastæði fyrir framan húsið að götu eftir færslu þess. Enginn grundvöllur er fyrir því að leggja allt svæðið fyrir framan húsið undir bílastæði eins og sýnt er á uppdrætti. Gera má ráð fyrir bílastæðum meðfram og samsíða gangstétt og geta þá verið ca. 5 stæði meðfram eldri og yngri grunni. Bílastæði eru einnig sýnd sunnan við eldri grunninn innan lóðarinnar alls 3, þar af eitt fyrir hreyfihamlaða.	10 bílastæði eru fyrir framan Hafnargötu 15 sem er hús björgunarsveitarinnar á Seyðisfirði. Staðsetning bílastæða er uppfærð í samræmi við hugmyndir um útfærslu þeirra.
Hæð kjallaragólfs í húsinu er ekki í samræmi við þau mörk sem upp eru gefin um lágmarksgólfhæð miðað við kafla 2.5.4. í greinargerð með deiliskipulagi, en gk. í kjallara er 2.12 m. Það er öllum aðilum ljóst sem að þessu máli hafa komið.	Parfnast ekki viðbragða.

RARIK – dags. 18.12.24	
RARIK óskar eftir að sett verði kvöð á lagnir á eftirfarandi lóðir, Lónsleiru 1 og Lónsleiru 3 þar sem 66 kV strengur og ljósleiðari liggja í jaðri þessara lóða.	Kvaðir settar inn þar sem strengur liggur.
Bragi Blumenstein – dags. 15.04.24	
Umsögn varðar einkum lóðir við Lónsleiru 5 og 11: - Lóð nr. 5 hefur verið minnkuð á skipulagsuppdrætti frá 724 m² í 650 m² eða 74 m². Á uppdrætti má leiða af því líkum að göngustígur hafi verið færður til innar í landið. Við þessa breytingu þá er verið að skerða lóðina umtalsvert og byggingareitur á lóðinni því sem við lóðarmörk. Einnig minnkar byggingarmagn við þessa breytingu. - Lóð nr. 11 er 579 m². Breytingartillaga skipulagsins sýnir að búið er að sameina 13, 15 og 17 í eina lóð. Lóðin er þröng og byggingareitur mjög nálægt lóðarmörkum. Æskilegt er að lóðin fái stækkun til vesturs vegna legu hússins. - Lagt er því til: - Að lóð 5 fái stækkun til norðurs og að göngustíg í vestur. - Að lóð 11 fái stækkun til vesturs og byggingareitur einnig stækkaður.	Lóð 5 var minnkuð til að koma fyrir göngustíg á svæðinu. Lóðarmörk eru um 2 m frá göngustíg. Byggingareitur er tæpir 4 m frá göngustíg, þar sem minnst er.  Ekki er hægt að fallast á stækkun á lóð 5 með tilliti til mögulegra áhrifa á sjónlínu frá Lónsleiru 7. Lóðarmörkum og byggingareit á Lónsleiru 11 er breytt í samræmi við óskir. 
Umhverfisstofnun – dags. 18.12.24	
Lög um stjórn vatnamála Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsbreytingarinnar á vatnshlot þar sem fyrirséð er áлага á vatn. Vatnshlotið sem um ræðir er strandsjávarvatnshlotið Seyðisfjörður (102-1322-C). Umhverfisstofnun bendir á að ekki er fjalla um áhrif tillögunnar í umhverfismati áætlananna. Umhverfisstofnun leggur til að vatn sé sér umhverfispáttur í umhverfismati(ekki undir heilbrigði) með viðeigandi viðmiðum og matsspurningum.	Umhverfisskýrsla uppfærð.
Landfylling og dýpkunarefni Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni að varp dýpkunarefna og náttúrulegra óvirkra efna í hafið, þ.e. fastra jarðefna, sé háð leyfi Umhverfisstofnunar í samræmi við 9 gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.	Í kafla 2.2 var bætt klausu um að varp efna í hafið sé háð leyfi.
HEF – 30.12.24	

Bent er á mikilvægi þess að tryggð yrði lagnaleið fyrir dælulögn fráveitu milli lóða nr. 15 og 17 við Lónsleiru.	Skipulagsfulltrúi kemur til með að leiða samtal milli sveitarfélagsins, lóðarhafa og HEF veit um lagnahönnun í tengslum við uppbyggingu á lóð Tæknimínjasafnsins. 
Verðurstofa Íslands – dags. 03.01.25	
Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við skipulagsbreytingar þessar.	þarfnast ekki viðbragða.
Minjastofnun Íslands – dags.06.01.25	
Með uppfærðum skipulagsgögnum virðist vera búið að bregðast við athugasemdum stofunarinnar. Stofnunin vil vekja athygli á því að mörk deiliskipulagsbreytingarinnar kom ekki fram með skýrum hætti.	þarfnast ekki viðbragða.